



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Atvinnuveganefnd Alþingis
Tjarnargötu 9
101 Reykjavík

Reykjavík, 5. júní 2024
MÍ202406-0026/ 0.01 / G.Ó.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um ferðamálastefnu og aðgerðaráætlun til ársins 2030, 1036. mál.

Með tölvupósti, dags. 22. maí 2024, sendi atvinnuveganefnd Alþingis til umsagnar tillögu til þingsályktunar um ferðamálastefnu og aðgerðaáætlun til ársins 2030, 1036. mál.

Í tillögunni kemur fram aðgerðaráætlun til ársins 2030, sem uppfærð verður á tveggja ára fresti. Í þriðja kafla er aðgerðunum skipt upp í flokka frá A. til E. og undir hverjum bókstaf eru aðgerðirnar taldar upp.

Minjastofnun Íslands er talin upp sem dæmi um samstarfsaðila í tveimur aðgerðum, annars vegar í þróun verkfærakistu til að meta þolmörk og bregðast við álagi á áfangastöðum ferðmanna, aðgerð D.1, og hins vegar í innleiðingu álagsstýringar á áfangastöðum ferðmanna, aðgerð D.2.

Í eftirfarandi aðgerðum er svo vísað til stefnunnar *Menningararfurinn - stefna um varðveislu og aðgengi* sem Minjastofnun Íslands vann í samræmi við 3. mgr. 7. gr. laga um menningar nr. 80/2012, í samráði við aðrar menningarstofnanir, án þess þó að vera talin upp sem dæmi um samstarfsaðila.

- A.10. Rannsókn- og gagnaáætlun fyrir menningarferðaþjónustu.
- A.11. Hagnýting þekkingar og tækni í þágu menningarferðaþjónustu.
- C.1. Aukin áhersla á sanngildi og sérstöðu íslenskar menningar.
- C.8. Samstarfsnet menningarferðaþjónustu.

Markmið aðgerðar A.11. er að Ísland verði framarlega í stafrænni miðlun menningararfs og að gott aðgengi sé að fjölbreyttri miðlun sem hagnýtt sé af rekstraraðilum í menningarferðaþjónustu. Að upplýsingar um íslenskan menningararf séu til fyrirmyndar og

Gísli Óskarsson
Lögfræðingur
gisli@minjastofnun.is

aðgengi að þeim sé þróað á forsendum ólíkra markhópa sem nýtist til að mynda til að kynna landið sem áhugaverðan áfangastað til að upplifa menningu, sögu og listir.

Í aðgerð C.1. kemur fram að Ísland viðhaldi menningarlegri sérstöðu sinni og að áhersla á sanngildi í ferðaþjónustu bæti upplifun innlendra og erlendra ferðamanna og auki samkeppnisforskot áfangastaðarins. Í greinargerð kemur svo fram sem dæmi um verkþætti aðgerðar að efla fjármögnun og langtímaáætlun rannsókna sem leiki lykilhlutverk í þróun menningarferðaþjónustu. Þar megi sérstaklega nefna mikilvægi fornleifarannsókna og ónýtt tækifæri í miðlun á afrakstri þeirra.

Útgáfa leyfa til fornleifarannsókna og miðlun upplýsinga um menningararfinn er meðal lögbundinna verkefna Minjastofnunar. Þá er tilgangur laga nr. 80/2012 um menningarminjar m.a. að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi, auðvelda aðgang og kynni þjóðarinnar af menningarminjum og greiða fyrir rannsóknum á þeim. Telur stofnunin því að hún ætti að vera nefnd sem samstarfsaðili í aðgerðum A.11 og C.1.

Fyrir hönd Minjastofnunar Íslands,


Gísli Óskarsson
Sviðsstjóri lögfræðisviðs